

Fundur háskólaráðs Landbúnaðarháskóla Íslands 6. júní 2017, Keldnaholti kl. 16:00

Mætt á Keldnaholti: Bjarni Stefánsson, Hafdís Hanna Ægisdóttir, Helena Guttormsdóttir, Hilmar B Janusson, Margrét Gísladóttir. Þuríður Lillý Sigurðardóttir var í síma. Björn Þorsteinsson setti fundinn en vék síðan af fundi undir lið 2.

Dagskrá:

1. *Samþykkt dagskrá og fundarboðun með afbrigðum vegna styttri fyrirvara.*

2. *Bréf Bergþóru Ingólfssdóttur frá 25. maí s.l.*

Rektor vék af fundi þar sem hann er vanhæfur vegna vensla. Ráðið ræddi um að fá *ad hoc* rektor til að fjalla og úrskurða um málið en býður deildarforseta auðlinda-og umhverfisdeildar og koma með athugasemdir og fyrirspurnir um afgreiðslu málsins.

3. *Önnur mál*

Rektor hefur verið í sambandi við formann valnefndar um stöðu rektors. Valnefnd mun senda sína greinargerð í þessari viku. Rektor óskar eftir að formaður valnefndar komi fyrir háskólaráð þegar greinargerð valnefndar liggur fyrir.

Staða á umsóknum við LbhÍ fyrir haustið 2017: Fjórtán sóttu um MS nám (8 í einstaklingsmiðað rannsóknarnám og 6 í skipulagsnám, 75 sóttu um BS nám, flestir í búvísindi. Fjörtíu umsóknir voru í búvísindi og 40 í reiðmanninn.

Fundi slitið kl. 17.00

HHÆ ritaði fundargerð